

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Rúnar Guðmundsson frá Fjármálaeftirlitinu, Birnu Jónsdóttur og Gunnar Ármannsson frá Læknafélagi Íslands, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Særúnu Maríu Gunnarsdóttur frá Persónuvernd, Guðjón Rúnarsson, Helga Bjarnason, Ólaf Pál Gunnarsson og Valgeir Pálsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Gísla Tryggvason, talsmann neytenda, Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust einnig umsagnir um frumvarpið.

Upp hefur risið vafi á því hvernig túlka beri gildandi 82. gr. laga um váttryggingarsamninga en tvær opinberar stofnanir, Fjármálaeftirlitið og Persónuvernd, hafa haft hvor sína túlkun á þessu ákvæði laganna. Með frumvarpinu er lögð til breyting á 82. gr. laganna og leitast við að gera ákvæðið skýrara. Einnig er lögð til frekari afmörkun á heimild váttryggingafélaga til að krefjast upplýsinga þar sem kveðið er á um að foreldrar eða systkini veiti samþykki fyrir því að upplýsingar séu veittar um þau við töku váttryggingar.

Í frumvarpinu er lagt til að váttryggingafélagi verði heimilt að afla upplýsinga um sjúkdóma sem váttryggingartaki, eða váttryggður, svo og foreldrar og systkini váttryggðs, er haldinn eða hefur verið haldinn og félagið telur nauðsynlegt að fá vitneskju um til að geta lagt mat á væntanlega váttryggða áhættu.

Meiri hluti nefndarinnar álitur að nokkur jákvæð nýmæli megi finna í frumvarpinu, einkum með hliðsjón af persónuvernd. Ákvæði frumvarpsins eru nokkuð breytt frá því að sambærilegt frumvarp var lagt fram á 133. löggjafarþingi (387. mál).

Í fyrsta lagi er lagt til að váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, staðfesti við umsókn um töku váttryggingar að hann hafi hlotið samþykki foreldra sinna eða systkina á því að hann megi gefa upplýsingar um að þau séu haldin eða hafi verið haldin tilteknum sjúkdómi sem spurt er um. Í ákvæðinu er einnig gert ráð fyrir þeim möguleika að váttryggingartaka sé ekki mögulegt að verða við þessari kröfu, sbr. orðalagið „enda sé með sanngirni hægt að ætlast til að hann hafi getað aflað slíks samþykkis“.

Meiri hlutinn telur þetta mikilvægt nýmæli enda getur verið um viðkvæmar heilsufarsupplýsingar að ræða. Meiri hlutinn minnr á að í athugasemdum frumvarpsins er gert ráð fyrir því að spurningar á umsóknareyðublaði verði með þeim hætti að tiltekinn sjúkdómur verði ekki tengdur tilteknum einstaklingi. Nöfn þeirra sem spurt er um mega aldrei koma fram. Þetta getur kallað á endurskoðun á verklagi váttryggingafélaga, þar á meðal á þeim umsóknareyðublöðum sem váttryggingartakar þurfa að fylla út.

Meiri hlutinn minnr sömuleiðis á að áfram er gert ráð fyrir því að heimild váttryggingafélags til þess að afla upplýsinga frá öðrum en sjálfum váttryggingartaka eða váttryggðum, svo sem frá læknum eða öðru starfsfólki í heilbrigðisgeiranum, sé bundin við upplýst samþykki váttryggingartaka eða váttryggðs.

Í umsögn Persónuverndar um frumvarpið segir: „Telja verður að efni frumvarpsins sé í betra samræmi við grunnreglu persónuréttarins um sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins heldur en ef ekki hefði verið leitað samþykkis.“ Meiri hlutinn tekur undir þetta sjónarmið Persónuverndar.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæðið nái einungis til foreldra og systkina váttryggingartaka en ekki til „annarra einstaklinga“ líkt og er í gildandi lögum. Frumvarpið afmarkar þannig heimildir váttryggingafélaga til upplýsingaöflunar um aðra en váttryggingartaka eða váttryggðan við foreldra og systkini að því gefnu að samþykki þessara aðila liggja fyrir. Heimild váttryggingafélags til upplýsingaöflunar er þó takmörkuð af bannreglu 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í þriðja lagi er lagt til í frumvarpinu að í stað þess að hægt sé að krefjast upplýsinga um „heilsufar“ umsækjanda eða annarra einstaklinga beri umsækjanda að gefa upplýsingar um „tilgreinda sjúkdóma“ sem spurt kann að verða um. Að mati meiri hlutans er hér á ferðinni frekari afmörkun og þrenging frá gildandi lögum enda ekki hægt að ætlast til að umsækjandi geti lagt almennt mat á heilsufar sitt eða annarra einstaklinga.

Í fjórða lagi er lagt til að upplýsingar skuli veittar „eftir bestu vitund“ en þetta orðalag er nýmæli. Með þessu er lögð áhersla á að ekki er víst í öllum tilvikum að váttryggingartaki hafi upplýsingar um sjúkdóma sem foreldrar eða systkini hafa verið haldin.

Í fimmta lagi er lögð til sú breyting að váttryggingafélagi er óheimilt að nýta sér niðurstöður „erfðarannsóknna“ en í gildandi lögum er vísað til upplýsinga um „erfðaeiginleika“. Váttryggingafélagi er einnig óheimilt að óska eftir erfðarannsóknnum sem teljast nauðsynlegar til þess að kostur sé á að fá slíkar upplýsingar. Hafi sjúkdómur hins vegar greinst með erfðafræðirannsókn sem váttryggingartaki tók þátt í ber honum að gefa váttryggingafélaginu upplýsingar um þá greiningu, enda sé spurt um þann tiltekna sjúkdóm.

Í orðalagi málsgreinarinnar felst jafnframt að reglur um vanrækta upplýsingagjöf eiga ekki við í þeim tilfellum er váttryggingartaki eða váttryggður gefur ekki erfðafræðilegar upplýsingar, enda væri váttryggingafélagi ekki heimilt að taka við slíkum upplýsingum, að öðru leyti en því sem greinir í frumvarpinu um sjúkdómsgreiningar sem slíkar.

Með þessu ákvæði er leitast við að eyða vafa um hvers konar upplýsingar váttryggingafélagi sé óheimilt að nota í áhættumati sínu. Váttryggingafélagi er þannig óheimilt að hagnýta sér upplýsingar úr erfðarannsókn burtséð frá því hvort þær eru váttryggingartaka eða váttryggðum í hag eður ei.

Meiri hlutinn leggur til viðbót við frumvarpið þannig að váttryggingafélögum verði gert að halda til haga upplýsingum um fjölda þeirra sem synjað er um persónutryggingu á grundvelli heilsufars foreldra eða systkina eða fá hækkuð iðgjöld vegna áhættumats sem byggist á upplýsingum um þriðja aðila. Jafnframt telur nefndin mikilvægt að upplýsingum um fjölda þeirra sem synjað er um persónutryggingu á grundvelli upplýsinga um eigið heilsufar eða fá hækkuð iðgjöld af sömu ástæðu sé haldið til haga. Þar sem váttryggingafélögin lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins telur meiri hlutinn eðlilegt að það hafi eftirlit með því að þessar upplýsingar séu aðgengilegar.

Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann andvígur álitum þessu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Félagið skal halda saman upplýsingum um fjölda þeirra sem er synjað um töku tryggingar eða er gert að greiða hærri iðgjöld vegna áhættumats sem byggist á lagagrein þessari.

Alþingi, 11. des. 2007.

Ágúst Ólafur Ágústsson,
form., frsm.

Guðfinna S. Bjarnadóttir.

Ármann Kr. Ólafsson.

Katrín Júlíusdóttir.

Jón Gunnarsson.

Björk Guðjónsdóttir.